

69. fundur

Fræðslunefnd hélt fund mánudaginn 7. nóvember 2005 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mætt voru úr Fræðslunefnd Björn Sverrisson, formaður, Katrín Pálsdóttir, Katrín Gísladóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir og Anna S. Guðmundsdóttir, varafulltrúi, Gunnar Svanlaugsson og Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjórar, Unnur Breiðfjörð, fulltrúi kennara, Eva Guðbrandsdóttir, fulltrúi foreldrafélags leikskóla, Bogdís Una Hermannsdóttir, fulltrúi foreldrafélags grunnskóla og Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra.

Grunnskóli.

Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

1. Haustannarpróf / námsmat.
2. Miðönn hefst mánudaginn 14. nóvember.
3. Foreldrafundir 14.-18. nóvember.
4. Mentor.
5. Mötuneyti GSS.
6. Tónlist fyrir alla "Hundur í óskilum"
7. Kennaranemar frá KHÍ.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra grunnskólans.

Fyrirspurn kom varðandi heimatökupróf í grunnskólanum. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni.

Spurt var um niðurstöður úr samræmdum prófum. Skólastjóri svaraði því til að þær hafi ekki borist ennþá, en verði vonandi komnar fyrir foreldrafundina.

Einnig rætt um foreldrafundi, fyrirkomulag þeirra, mætingu á þá o.fl.

Lýst var yfir ánægju með einstefnuna á Skólastígnum en rætt um að foreldrar keyri engu að síður inn á stæði bæði við grunnskólann við Borgarbraut og grunnskólann við Skólastíg, í stað þess að hleypa börnunum úr og keyra áfram. Rætt um að hnekkja þurfi á þessum reglum. Einnig rætt um hve dimmt er á þessum slóðum og hvort mögulegt sé að bæta úr því.

Leikskóli

Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

Nýafstaðin eru svokölluð Hljóm-próf. Útkoma úr þessum prófum fer í ákveðið ferli ef eitthvað er athugasemjaveitt. Nemendur elstu deilda fá málörvunartíma vikulega.

Áfram er unnið að vetrarstarfi, hópastarf og val og þess háttar er í góðum farvegi.

Litla lúðrasveitin kemur í heimsókn 15. nóvember og heldur tónleika og er það partur af samstarfinu á milli leik- og tónlistarskóla.

Starfsfólk leikskólans fylgist áfram vel með byggingu nýja leikskólans.

Undirbúningsvinna við fjárhagsáætlun er þegar hafin og er unnin í samstarfi við bæjarritara.

Dansnámskeiði er lokið. Aðilar eru sammála um að það fyrirkomulag sem var viðhaft nú í haust á danskennslunni sé ekki nógu gott og er hugað að breytingum á því. Einnig á fyrirkomulagi á komu ljósmyndara í leikskólann.

Jólaundirbúningur nálgast og verður hann með hefðbundnu sniði í ár.

Formaður spurði nánar út í leikskólabygginguna. Skólastjóri svaraði því til að framkvæmdin sé á góðu róli. Fyrirhugað er að flytja í nýjan leikskóla í desember 2006.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra leikskóla.

Fyrirspurn kom fram um fjölda barna á nýja leikskólanum. Skólastjóri svaraði því til að reiknað sé með 24 börnum samtímis á deild og svo má reikna með ákveðinni skörun.

Fyrirspurn kom fram um matartíma starfsfólks. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni.

Skólastjóri grunnskóla tók undir orð skólastjóra leikskóla varðandi danskennslu og ljósmyndara og ræddi þau mál aðeins frekar.

Fyrirspurn kom fram um starfsdaga. Þeir starfsdagar sem eftir eru í vetur standast á hjá grunnskóla og leikskóla.

2. Önnur mál.

Fyrirspurn kom fram um skýrslu nefndar um stefnumörkun í húsnæðismálum grunn- og tónlistarskóla.

Skýrslan var tilbúin 1. nóvember sl. og er komin í farveg innan bæjarkerfisins.

Skólastjóri grunnskólans greindi frá því að fimmtudaginn 8. desember verði Marita fræðslan með fundi í grunnskólanum í Stykkishólmi fyrir nemendur og foreldra. Í framhaldinu var rætt um forvarnir vegna vímuefna, m.a. forvarnarplaköt vegna munntóbaksnotkunar o.fl. Einnig rætt um aðgengi unglunga að ljósabekkjum í íþróttamiðstöð og hugsanlegar reglur um það.

Rætt um Mentor og möguleikana sem þessi nýjung gefur.

Fundargerðin upplesin og hún samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:15.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari (sign.).